

68. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 30. nóvember 2018 kl. 9:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbæ.

Mættir: Sigurgestur Guðlaugsson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Ásgeir Eiríksson, Eyþór Sæmundsson, Daníel Einarsson, Berglind Kristinsdóttir, Þuríður Aradóttir Braun, Brynhildur Kristjánsdóttir, Sigrún Elefsen, Guðjón Skúlason, Björk Guðjónsdóttir og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. *Kynning á markaðshópum í tengslum við DMP – Hvíta húsið.*
2. *Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurnesja - Markaðssetning hafna á Suðurnesjum fyrir smærri skemmtiferðaskip.*
3. *Stjórnsýslukæra Markaðsstofu Reykjaness á ákvörðun Ferðamálastofu.*
4. *Samantekt á atvinnutekjum 2007-2018*
<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Atvinnutekjur/atvinnutekjur-2008-2017-eftir-atvinnugreinum-og-svaedum.pdf>
5. *Atvinnuleysistöður.*
6. *Önnur mál.*

1. mál Kynning á markhópum í tengslum við DMP – Hvíta húsið

Hvíta húsið boðaði forföll og verkefnastjóri MR fór yfir verkefnið.

2. mál Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurnesja – Markaðssetning hafna á Suðurnesjum fyrir stærri skemmtiferðaskip

Framkvæmdastjóri kynnti verkefnið sem fær framlag úr Sóknaráætlun Suðurnesja til að vinna markaðs- og kynningarefni fyrir hafnir á Suðurnesjum með það að markmiði að 1-3 stærri skemmtiferðaskip leggist að höfnum á Suðurnesjum.

3. Mál Stjórnsýslukæra Markaðsstofu Reykjaness á ákvörðun Ferðamálastofu

Framkvæmdastjóri kynnti málið en lögð hefur verið fram ný stjórnsýslukæra til ráðuneytisins þar sem gerðar eru athugasemdir við málsmeðferð og úthlutun styrkja til svæðisbundinnar þróunar þar sem engu fjármagni var úthlutað til Suðurnesja, einu svæða. Enn á ný er gengið fram frá Suðurnesjum þegar kemur að úthlutun fjármuna Ferðamálastofu.

4. Mál Samantekt á atvinnutekjum 2007 – 2018

Framkvæmdastjóri kynnti skýrslu Byggðastofnunar um atvinnutekjur á landinu 2008 til 2017. Töluverð aukning hefur orðið á atvinnutekjum á Suðurnesjum og vekur jafnframt athygli að atvinnutekjur taka ekki tillit til vaktarvinnu. Lagt fram til upplýsingar.

5. Mál Atvinnuleysistödlur

Það hefur fjölgað um 0,2% á milli september og október sem er eðlileg árstíðarsveifla en atvinnuleysi er þó hæst á Suðurnesjum á landsvísu eða 3,4% í samanburði við 2,4% á landsvísu.

Guðjón (SAR) upplýsti um stöðu mála vegna uppsagna hjá fyrirtækjum í flugþjónustu í tengslum við breytingar á rekstri wow sem getur haft víðtæk áhrif. Stjórn lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu mála með tilheyrandi ruðningsáhrifum en bindur vonir við að úr rætist.

Fleira ekki gert og fundi slitið k. 10:30.